

Viðauki við grunnlýsingu dags. 31. mars 2020

vegna 70.000.000.000 kr. útgáfuramma

Viðauki þessi er birtur á grundvelli laga um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði nr. 14/2020, sbr. 23. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129 um lýsingu sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og um niðurfellingu á tilskipun 2003/71/EB. Grunnlýsing dags. 31. mars 2020 útgefin af Regin hf., kt. 630109-1080 ásamt viðauka dags. 24. júlí 2020 (hér eftir nefnd grunnlýsingin og Reginn), skal höfð til hliðsjónar við lestur viðauka þessa og gilda skilgreiningar í grunnlýsingunni jafnframt um viðauka þennan eftir því sem við á. Við birtingu viðaukans myndar hann órjúfanlegan hluta grunnlýsingarinnar. Með viðauka þessum eru breytingar gerðar á 1. kafla grunnlýsingarinnar sem ber heitið skilgreiningar, 4. kafla grunnlýsingarinnar sem fjallar um vexti og kaflanum um viðeigandi endanlega skilmála.

1. Í kafla 1 „Skilgreiningar“ í kaflanum „Skilmálar skuldaskjalanna“ á bls. 27-28 skal fella út heiti skilgreiningarinnar „Verðtryggð skuldabréf með jöfnum afborgunum“. Þess í stað skal koma „Skuldabréf með jöfnum afborgunum“.
2. Titill og texti undirkafla 4.1. í kaflanum „Skilmálar skuldaskjalanna“ á bls. 29-30 er felldur brott og í stað hans kemur:

„ Vextir af jafngreiðslubrífum

Jafngreiðslubríf ber vexti frá fyrsta vaxtadegi, að honum meðtöldum, á ársvöxtum sem eru jafnir þeim vöxtum sem tilgreindir eru í endanlegum skilmálum.

Vextir af óverðtryggðum skuldabréfum eru reiknaðir á hverjum vaxtagjalddaga sem höfuðstóll skuldabréfsins eins og hann er skilgreindur í skilmála 5.2 a) (Greiðslur af óverðtryggðum jafngreiðslubrífum), margfaldaður með vaxtaþætti I , sem er reiknaður samkvæmt sömu formúlu og gildir um vexti af verðtryggðum bréfum.

Vextir af verðtryggðum skuldabréfum eru reiknaðir á hverjum vaxtagjalddaga sem höfuðstóll skuldabréfsins á útgáfudegi, eins og hann er skilgreindur í skilmála 5.2 b) (Greiðslur af verðtryggðum jafngreiðslubrífum) margfaldaður með vaxtaþættinum I , sem er reiknaður samkvæmt eftirfarandi formúlu:

$$I_k = \frac{r [(1+r)^n - (1+r)^{k-1}]}{(1+r)^n - 1}$$

Þar sem,

l_k = vaxtaþáttur fyrir tímabilið k

$$r = \frac{c}{f}$$

c = vextir skuldabréfsins

f = fjöldi vaxtagreiðslna á ári

n = fjöldi vaxtagjalddaga

k = fjöldi vaxtagreiðslna sem þegar hafa átt sér stað

($k = 0$ á útgáfudegi, $k = 1$ á fyrsta vaxtagjalddaga, $k = n$ á síðasta vaxtagjalddaga o.s.frv.)

Niðurstöðuna skal námunda að heilli tölu sem er jafnframt minnsta eining myntar skuldabréfsins. Vextir eru greiddir á vaxtagjalddögum hvers árs til og með lokagjalddaga.“

3. Titill og texti undirkafla 4.2. í kaflanum „Skilmálar skuldaskjalanna“ á bls. 30 er felldur brott og í stað hans kemur:

„Vextir af skuldabréfum með jöfnum afborgunum

Skuldabréf með jöfnum afborgunum bera vexti frá fyrsta vaxtadegi, að honum meðtöldum, á ársvöxtum sem eru jafnir þeim vöxtum sem tilgreindir eru í endanlegum skilmálum.

Vextir eru reiknaðir á hverjum vaxtagjalddaga sem fjárhæð útistandandi höfuðstóls, eins og er skilgreindur í skilmála 5.2 c) (Greiðslur af óverðtryggðum skuldabréfum með jöfnum afborgunum) eða 5.2 d) (Greiðslur af verðtryggðum skuldabréfum með jöfnum afborgunum), eftir því sem við á, á hverjum vaxtagjalddaga margfaldaður með vöxtum og viðeigandi dagareglu, námundað að næstu smæstu mynteiningu skuldabréfsins. Vextir eru greiddir á vaxtagjalddögum hvers árs til og með lokagjalddaga.

Ef reikna þarf vexti fyrir annað tímabil en tilgreint vaxtatímabil, skal reikna slíka vexti með sömu aðferð og lýst er í málsgreininni hér að framan.“

4. Breytingar eru gerðar á hluta A – Samningsskilmálar, í kaflanum „Viðeigandi endanlegir skilmálar“ á bls. 56. Eftir breytingar orðast hluti A – Samningsskilmálar í kaflanum viðeigandi endanlegir skilmálar með eftirfarandi hætti:

„HLUTI A – SAMNINGSSKILMÁLAR

Hugtök sem hér eru notuð skal túlka eins og þau sem skilgreind eru í skilmálum skuldaskjalanna og fram koma í grunnlýsingunni og viðaukum sem kunna að hafa verið gefnir út við hana. Skjal þetta

inniheldur endanlega skilmála skuldaskjala sem lýst er hér, í samræmi við 45. grein laga um verðbréfavíðskipti og skal lesa þá í samhengi við grunnlýsinguna og viðauka sem kunna að hafa verið gerðir við hana, sem saman mynda grunnlýsingu í skilningi laga um verðbréfavíðskipti. Heildstæðar upplýsingar um útgefandann og útgáfu skuldaskjalanna fást ekki nema með því að lesa saman grunnlýsinguna, viðauka sem kunna að hafa verið gerðir við hana og þessa endanlegu skilmála. Grunnlýsingin og viðaukar sem kunna að hafa verið gerðir við hana eru birtir á vefsíðu útgefanda, www.reginn.is.

Hafa skal inni það af eftirfarandi sem á við og tilgreina það sem ekki á við með „á ekki við“. Númeraröðin hér á eftir skal halda sér, jafnvel þó að „á ekki við“ hafi verið merkt við viðeigandi málsgreinar. Leiðbeiningar við útfyllingu endanlegu skilmálanna eru skálettraðar og skulu þær teknar út þegar endanlegu skilmálarnir eru fylltir út.

Þegar bætt er við öðrum endanlegum skilmálum eða upplýsingum skal meta hvort slíkir aðrir endanlegir skilmálar eða upplýsingar kunni að flokkast undir „mikilvægar nýjar upplýsingar“ og kalli því á gerð viðauka við grunnlýsinguna í samræmi við 46. gr. laga um verðbréfavíðskipti.

- | | |
|-------------------------------|---|
| 1. Útgefandi: | Reginn hf. |
| 2. | |
| i. Flokkur númer: | [] |
| ii. Útgáfuhluti númer: | [] |
| 3. Mynt: | [] |
| 4. Uppsafnað nafnverð: | |
| i. Flokkur: | [] |
| ii. Útgáfuhluti: | [] |
| 5. Útgáfuverð: | []% af heildarnafnverði [að viðbættum áföllnum vöxtum frá [setjið inn dagsetningu] (ef við á)] |
| 6. Nafnverðseiningar: | [] |
| 7. | |
| i. Útgáfudagur: | [] |
| ii. Fyrsti vaxtadagur: | [Tilgreinið dagsetningu/Útgáfudagur/Á ekki við] |
| 8. Lokagjalddagi: | [] |
| 9. Tegund vaxta: | [Á ekki við] |
| | [[] % fastir vextir] |
| | [[REIBOR/LIBOR/EURIBOR] +/- [] % breytilegir vextir] |
| | [Tilgreinið annað] |

- (Nánari upplýsingar eru veittar í tölulið [18][19] hér að neðan)
- 10. Greiðslufyrirkomulag:** [Jafngreiðsla (e. annuity)]
[Jafnar afborganir höfuðstóls]
[Ein afborgun höfuðstóls á lokagjalddaga]
[Óreglulegt endurgreiðsluferli][*Tilgreinið annað*]
(Ef um „Óreglulegt endurgreiðsluferli“ er að ræða skal tilgreina nánar í lið 18.xi)
- 11. Uppgreiðsluheimild/umframgreiðsla að vali útgefanda (kaupréttur útgefanda):** [Á við/á ekki við]
(Ef merkt er við „á við“ eru nánari upplýsingar veittar í tölulið 21)
- 12. Forgangsröðun skuldaskjalanna:** [Veðtryggð skuldaskjöl með veði samkvæmt [almennu tryggingarfyrirkomulagi/sértæku tryggingarfyrirkomulagi]][Óveðtryggð skuldaskjöl][Víxlar]

(Nánari upplýsingar eru veittar í tölulið [23. i.][23. ii.][24] hér að neðan)
- 13. Heimild fyrir útgáfunni:** Stjórn útgefanda veitti heimild fyrir útgáfu [skuldabréfanna/víxlanna] á fundi sínum:

[*Dagsetning*]
- 14. Greiðsluaðili:** [Útgefandi/[Nafn, kennitala, skráð aðsetur]] er greiðsluaðili vegna skuldaskjalanna.
- 15. Verðbréfamíðstöð** Skuldaskjölin eru gefin út rafrænt hjá [*tilgreinið nafn, kennitölu og skráð aðsetur verðbréfamíðstöðvar*]

ÁKVÆÐI SEM EIGA VIÐ UM JAFNGREIÐSLUBRÉF (ANNUITY)

- 16. Jafngreiðslubréf:** [Á við/Á ekki við]
(Ef fyllt er út „á ekki við“ skal taka út undirliði þessa töluliðar)
- i. Vextir til lokagjalddaga: []% á ári. [Vextir greiðast [árlega/á 6 mánaða fresti/á þriggja mánaða fresti/mánaðarlega/*tilgreinið annað*]]/[á ekki við]
- ii. Fjöldi vaxtagjalddaga: []

- iii. Vaxtagjalddagar: [[] dagur í mánuðinum(unum) [] á hverju ári til og með lokagjalddaga]. Fyrsti vaxtagjalddagi er []
(Gera skal viðeigandi aðlögun ef vaxtagjalddagar eru óreglulegir)
- iv. Gjalddagar höfuðstóls: [Á hverjum vaxtagjalddaga/Lokagjalddaga]
(Gera skal viðeigandi aðlaganir ef gjalddagar höfuðstóls eru óreglulegir)
- v. Fjöldi gjalddaga höfuðstóls: []
- vi. Dagaregla: []
- vii. Verðtrygging [Á við/Á ekki við]
- viii. Grunnvísitala [Á ekki við] / [merkir [vísitölugildi], sem er gildi vísitölu neysluverðs (VNV) þann [dags]].

ÁKVÆÐI SEM EIGA VIÐ UM SKULDABRÉF MEÐ JÖFNUM AFBORGUNUM HÖFUÐSTÓLS, ÞAR Á MEÐAL SKULDABRÉF MEÐ EINNI GREIÐSLU HÖFUÐSTÓLS Á LOKAGJALDDAGA

- 17. Skuldabréf með jöfnum afborgunum höfuðstóls:** [Á við/Á ekki við]
(Ef fyllt er út „á ekki við“ skal taka út undirliði þessa töluliðar)
- i. Vextir til lokagjalddaga: [] % á ári. [vextir greiðast [árlega/á 6 mánaða fresti/á þriggja mánaða fresti/mánaðarlega/tilgreinið annað]/á ekki við]
- ii. Fjöldi vaxtagjalddaga: []
- iii. Vaxtagjalddagar: [[] dagur í mánuðinum(unum) [] á hverju ári til og með lokagjalddaga]. Fyrsti vaxtagjalddagi er [].
(Gera skal viðeigandi aðlögun ef vaxtagjalddagar eru óreglulegir)
- iv. Fjöldi gjalddaga höfuðstóls: []
- v. Gjalddagar höfuðstóls(s): [Á hverjum vaxtagjalddaga/Lokagjalddaga]
(Gera skal viðeigandi aðlögun ef gjalddagar höfuðstóls eru óreglulegir)
- vi. Dagaregla: []
- vii. Verðtrygging [Á við/Á ekki við]
- viii. Grunnvísitala: [Á ekki við] / [merkir [vísitölugildi], sem er gildi vísitölu neysluverðs (VNV) þann [dags]].

ÁKVÆÐI SEM EIGA VIÐ SKULDABRÉF MEÐ ÓREGLULEGU ENDURGREIÐSLUFERLI

- 18. Skuldabréf með óreglulegu endurgreiðsluferli:** [Á við/Á ekki við]
(Ef fyllt er út „á ekki við“ skal taka út undirliði þessatöluliðar)
- i. Vextir til lokagjalddaga: [] % á ári. [vextir greiðast [árlega/á 6 mánaða fresti/á þriggja mánaða fresti/mánaðarlega/tilgreinið annað]/á ekki við]
- ii. Fjöldi vaxtagjalddaga: []
- iii. Fjöldi vaxtagjalddaga til útreikning á endurgreiðsluferli []/Á ekki við]
- iv. Vaxtagjalddagar: [[] dagur í mánuðinum(unum) [] á hverju ári til og með lokagjalddaga]. Fyrsti vaxtagjalddagi er [].
(Gera skal viðeigandi aðlögun ef vaxtagjalddagar eru óreglulegir)
- v. Fjöldi gjalddaga höfuðstóls: []
- vi. Fjöldi gjalddaga höfuðstóls til útreikninga á endurgreiðsluferli: []/Á ekki við]
- vii. Gjalddagar höfuðstóls(s): [Á hverjum vaxtagjalddaga/Lokagjalddaga]
(Gera skal viðeigandi aðlögun ef gjalddagar höfuðstóls eru óreglulegir)
- viii. Dagaregla: []
- ix. Verðtryggt: [Á við/Á ekki við]
- x. Grunnvísitala: [Á ekki við] / [merkir [vísitölugildi], sem er gildi vísitölu neysluverðs (VNV) þann [dags]].
- xi. Aðrir skilmálar sem gilda um endurgreiðsluferli skuldabréfa með óreglulegu endurgreiðsluferli: [Engir/tilgreinið]

ÁKVÆÐI SEM GILDA UM VAXTAGREIÐSLUR (EF EINHVERJAR ERU)

- 19. Fastir vextir:** [Á við/Á ekki við]
(Ef fyllt er út „á ekki við“ skal taka út undirliði þessa töluliðar)

- i. Vextir til gjalddaga: []% á ári. [Vextir greiðast [árlega/á 6 mánaða fresti/á þriggja mánaða fresti/mánaðarlega]]
- ii. Vaxtagjalddagar: [[] dagur í mánuðinum(unum) [] á hverju ári til og með lokagjalddaga]. Fyrsti vaxtagjalddagi er [].
(Gera skal viðeigandi aðlögun ef vaxtagjalddagar eru óreglulegir)
- iii. Dagaregla: []
- iv. Aðrir skilmálar sem gilda um vaxtaútreikning skuldabréfa með fasta vexti: [Engir/tilgreinið]
- 20. Breytilegir vextir:** [Á við/Á ekki við]
(Ef fyllt er út „á ekki við“ skal taka út undirliði þessa töluliðar)
- i. Vaxtatímabil/Vaxtagjalddagar: []
(Ath. tilgreinið vaxtatímabilið/vaxtagjalddagana)
- ii. Viðskiptadagaregla: [Following Business Day Convention/Modified Following Business Day Convention/Preceding Business Day Convention/tilgreinið annað]
- iii. Aðferð við ákvörðun á vöxtum: [Skráning viðmiðunarvaxta á millibankamarkaði samkvæmt upplýsingakerfi/Ávöxtunarkrafa skuldabréfaflokks sem skráður er á skipulegan verðbréfamarkað/Tilgreinið annað]
- iv. Skráning viðmiðunarvaxta samkvæmt upplýsingakerfi: [Á við/Á ekki við]
(Ef fyllt er út „á ekki við“ skal taka út undirliði þessa töluliðar)
- Viðmiðunarvextir: [Tilgreinið vexti á millibankamarkaði] til [tilgreinið tímalengd] að [viðbættu/frádragnum []% [álagi/frádragi]]
(LIBOR, EURIBOR, REIBOR eða annað, ef annað á við skal bæta við viðbótarupplýsingum.)
- Ákvörðunardagur: []
- Upplýsingasíða í upplýsingakerfi: []
(Tilgreinið)
- v. Ávöxtunarkrafa skuldabréfaflokks sem [Á við/Á ekki við]

skráður er á skipulegan verðbréfamarkað:	<i>(Ef fyllt er út „á ekki við“ skal taka út undirliði þessa töluliðar)</i>
– Auðkenni skuldabréfaflokks:	[]
– Nafn og land skipulegs verðbréfamarkaðar þar sem skuldabréfaflokkur er skráður:	[]
– Viðmiðunarvextir:	<i>[Ávöxtunarkrafa skuldabréfa í skuldabréfaflokki sem miðað er við] að [viðbættu/frádragnu []% [álagi/frádragi]]</i>
– Vaxtaákvörðunardagur:	[]
vi. Önnur aðferð við ákvörðun á vöxtum:	<i>[Á við/Á ekki við] (Ef „á við“ tilgreinið)</i>
vii. Ávöxtun til lokagjalddaga:	[+/-] [] prósent á ári
viii. Dagaregla:	[]
ix. Reglur um námundun, og aðferð við vaxtaútreikning skuldabréfa með breytilega vexti, önnur en sú sem fram kemur í skilmálum skuldabréfanna:	<i>[Á við/Á ekki við] (Ef „á við“ tilgreinið)</i>
21. Víxlar:	<i>[Á við/Á ekki við] (Ef fyllt er út „á ekki við“ skal taka út undirliði þessa töluliðar)</i>
i. Afföll:	[] prósent á ári sem jafngildir [] prósent einföldum vöxtum
ii. Viðmiðunarverð:	[]
iii. Önnur aðferð við ákvörðun á greiðslufjárhæð:	[]
21.a Álag á vexti	<i>[Ekkert/tilgreinið]</i>

ÁKVÆÐI VARÐANDI UPPGREIÐSLU/UMFRAMGREIÐSLU AÐ VALI ÚTGEFANDA (KAUPRÉTT ÚTGEFANDA)

- 22. Uppgreiðsla/umframgreiðsla heimil að vali útgefanda (kaupréttur útgefanda):** [Á við/Á ekki við]
(Ef fyllt er út „á ekki við“ skal taka út undirliði þessa töluliðar)
- Lágmarksfjárhæð sem heimilt er að umframgreiða í hvert sinn: [Tilgreinið lágmarksfjárhæð/Á ekki við]
 - Uppgreiðsla/umframgreiðsla er heimil á eftirfarandi dagsetningum: [Tilgreinið öll heimil tímabil eða dagsetningar]
 - Uppgreiðslugjald/umframgreiðslugjald: []% af [fjárhæð sem fer umfram samningsbundna afborgun höfuðstóls og vaxta/annað (tilgreinið nánar)]

ÁKVÆÐI SEM EIGA VIÐ UM TRYGGINGAR

- 23. Veðtryggð skuldaskjöl:** [Á við/Á ekki við]
(Ef fyllt er út „á ekki við“ skal taka út undirliði þessa töluliðar)
- i. Skuldaskjöl eru veðtryggð samkvæmt almenna tryggingarfyrirkomulaginu: [Á ekki við/[Ákvæði skilmála 15 (Almenna tryggingarfyrirkomulagið) gilda um skuldaskjölin]]
 - ii. Skuldaskjöl eru veðtryggð samkvæmt sértæku tryggingarfyrirkomulagi: [Á ekki við/[Ákvæði skilmála 16 (Sértæka tryggingarfyrirkomulagið) gilda um skuldaskjölin]]
 - iii. Veðgæsluaðili: [[Nafn, kennitala, skráð aðsetur] hefur verið skipaður veðgæsluaðili vegna skuldaskjalanna]
- 24. Óveðtryggð skuldaskjöl:** [Á ekki við/[Ákvæði skilmála 17 (Óveðtryggð skuldaskjöl) gilda um skuldaskjölin]]

ALMENN ÁKVÆÐI SEM EIGA VIÐ SKULDASKJÖLIN

- 25. Upplýsingakvaðir:** [Á við/Á ekki við]
(Ef fyllt er út „á ekki við“ skal taka út undirliði þessa töluliðar)

- i. Upplýsingakvaðir gagnvart umboðsmanni kröfuhafa: [Á ekki við/[Útgefandi skuldbindur sig til að afhenda umboðsmanni kröfuhafa afrit þeirra skjala sem tilgreind eru í eftirfarandi stafliðum skilmála 9.1 (Upplýsingakvaðir gagnvart umboðsmanni kröfuhafa) uns skuld samkvæmt skuldaskjölunum er að fullu greidd: *[Setjið inn viðeigandi stafliði í skilmála 9.1 og ef aðrar upplýsingakvaðir eiga við, aðlagið og tilgreinið]]]*
- ii. Upplýsingakvaðir gagnvart staðfestingaraðila: [Á ekki við/[Útgefandi skuldbindur sig til að afhenda staðfestingaraðila þær skýrslur sem tilgreindar eru í eftirfarandi stafliðum skilmála 9.2 (Upplýsingakvaðir gagnvart staðfestingaraðila) uns skuld samkvæmt skuldaskjölunum er að fullu greidd: *[Setjið inn viðeigandi stafliði í skilmála 9.2 og ef aðrar upplýsingakvaðir eiga við, aðlagið og tilgreinið]]]*
- 26. Almennar kvaðir:** [Á ekki við/[Útgefandi skuldbindur sig til að hlíta þeim kvöðum sem tilgreindar eru í eftirfarandi stafliðum skilmála 10 (Almennar kvaðir) uns skuld samkvæmt skuldaskjölunum er að fullu greidd: *[Setjið inn viðeigandi stafliði í skilmála 10 og ef aðrar almennar kvaðir eiga við, aðlagið og tilgreinið]]]*
- 27. Fjárhagsleg skilyrði:** [Á við/Á ekki við]
(Ef fyllt er út „á ekki við“ skal taka út undirliði þessa töluliðar)
- i. Lánaþekja: [Á ekki við/[Á hverjum prófunardegi skal lánaþekja vera í samræmi við það sem fram kemur í skilmála 15.1 ef skuldaskjölin eru tryggð með veði samkvæmt Almenna tryggingarfyrirkomulaginu]/[Á hverjum prófunardegi skal lánaþekja eins og hún er skilgreind í skilmálunum ekki vera hærrí en []%]]
- ii. Vaxtaþekja: [Á ekki við/[Á hverjum prófunardegi skal vaxtaþekja vera í samræmi við það sem fram kemur í skilmála 15.1 ef skuldaskjölin eru tryggð með veði samkvæmt Almenna tryggingarfyrirkomulaginu]/[Á hverjum prófunardegi skal vaxtaþekja, eins og hún er skilgreind í skilmálunum, ekki vera lægri en *[Setjið inn gildi]]]*
- iii. Eiginfjárlutfall: [Á ekki við]/[Eiginfjárlutfall útgefanda skal vera að lágmarki það hlutfall sem fram kemur í skilmála 15.1 ef skuldaskjölin eru tryggð með veði samkvæmt Almenna

tryggingarfyrirkomulaginu)/[Eiginfjárlutfall útgefanda skal ávallt vera að lágmarki []%].

- iv. Prófunardagar: Prófunardagar fjárhagslegra skilyrða eru: [*Tilgreinið prófunardaga*] þar sem fyrsti prófunardagur er [*Tilgreinið fyrsta prófunardag*]
- 28. Vanefndartilvik:** [Útgefandi skuldbindur sig til að hlíta þeim vanefndartilvikum sem tilgreind eru í eftirfarandi staflaðum skilmála 13 (Vanefndartilvik): [*Setjið inn viðeigandi staflaði í skilmála 13*]] [Frestur til töku til viðskipta skv. staflað k) skal vera []]./[*Aðlagið og tilgreinið ef önnur vanefndartilvik*]
- 29. Gjaldfelling:** [Ef ekki er bætt úr vanefnd innan [] daga ef um greiðsludrátt er að ræða, og innan [] daga í öðrum tilvikum er kröfuhafa heimilt að óska eftir að umboðsmaður boði til kröfuhafafundar til að ákveða hvort gjaldfella eigi skuldaskjölin]/[*aðlagið og tilgreinið ef aðrar heimildir eru til gjaldfellingar*]
- 30. Umboðsmaður kröfuhafa:** [[*Nafn, kennitala, skráð aðsetur*] hefur verið skipaður umboðsmaður kröfuhafa vegna skuldaskjalanna]/ [Á ekki við]
- 31. Staðfestingaraðili:** [[*Nafn, kennitala, skráð aðsetur*] hefur verið skipaður staðfestingaraðili vegna skuldaskjalanna]/ [Á ekki við]
- 32. Aðrir endanlegir skilmálar:** [Á ekki við/*tilgreinið*]
- (*Þegar bætt er við öðrum endanlegum skilmálum eða upplýsingum skal meta hvort slíkir aðrir endanlegir skilmálar eða upplýsingar kunni að flokkast undir „mikilvægar nýjar upplýsingar“ og kalli því á gerð viðauka við grunnlýsinguna í samræmi við 46. gr. laga um verðbréfavíðskipti.)*)

ÁBYRGÐ

Útgefandi ber ábyrgð á upplýsingum sem þessir endanlegu skilmálar innihalda. [[*Viðeigandi upplýsingar frá þriðja aðila*] er fengnar frá [*tilgreinið heimild*]. Útgefandi staðfestir að svo miklu leyti sem honum er kunnugt um og honum er unnt, út frá þeim upplýsingum sem þriðji aðili hefur birt, að upplýsingarnar eru réttar og engum staðreyndum er sleppt sem geri upplýsingarnar ónákvæmar eða misvísandi. Heimilda frá þriðja aðila er getið þar sem það á við.]

Undirritað fyrir hönd útgefanda:

Af:

Samkvæmt heimild

Yfirlýsing ábyrgðaraðila fyrir hönd útgefanda

Formaður stjórnar og forstjóri Regins lýsa því yfir fyrir hönd Regins, sem útgefanda, að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar, sem viðaukinn hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum hafi verið sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hans.

Reykjavík, 5. nóvember 2020

Undirritað rafrænt fyrir hönd Regins hf. samkvæmt umboði.

Tómas Kristjánsson
stjórnarformaður

Helgi S. Gunnarsson
forstjóri